

# STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1989

Nr. 183

366

3. apríl 1989

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

#### Aðalskoðun.

Eigandi skips skal greiða í ríkissjóð sérstakt gjald, skoðunargjald, sem hér segir:

	Skip flokkuð hjá Siglingamálastofnun ríkisins. kr.	Skip flokkuð hjá hjá viðurk. flokk. félagi. kr.
Fyrir skip allt að 8 m á lengd . . . . .	6 100	
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m . . . . .	11 100	
Fyrir skip 15 m á lengd til og með 50 brl. . . . .	18 400	
Fyrir skip 51 brl. til og með 100 brl. . . . .	29 000	17 400
Fyrir skip 100 brl. til og með 250 brl. . . . .	37 900	22 700
Fyrir skip 251 brl. til og með 500 brl. . . . .	65 200	39 100
Fyrir skip 501 brl. til og með 1600 brl. . . . .	98 000	58 800
Fyrir skip 1601 brl. og yfir . . . . .	107 000	64 200

2. gr.

#### Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

#### Eftirlit með nýsmíði.

1. Skip sem eru 6 m löng og allt að 8 metrum.	Kr.
A. Samþykkt á teikningum . . . . .	13 500
B. Hleðslu- og stöðuleikaprófun ásamt reynslusiglingu . . . . .	10 000
C. Samþykkt á reiða seglabáta . . . . .	6 400
D. Eftirlit með smíði ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala . . . . .	12 300
E. Samþykkt á innfluttum bátum ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala . . . . .	12 300
2. Skip sem eru 8 m löng og allt að 10 metrum.	Kr.
A. Samþykkt á teikningum . . . . .	20 000
B. Hleðslu- og stöðuleikaprófun ásamt reynslusiglingu . . . . .	12 300
C. Samþykkt á reiða seglbáta . . . . .	6 400
D. Eftirlit og útgáfu skipsskjala . . . . .	18 800
E. Samþykkt á innfluttum bátum ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala . . . . .	18 800

## 3. Skip sem eru 10 metrar og lengri.

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfu skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Pilfarskip styttri en 26 m – 0.30% af lokaverði skips.

Pilfarsskip lengri en 26 m – 0.26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur).

Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/ eða Ríkisábyrgðasjóð, sé um fiskiskip að ræða og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.

B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A og C lið þessarar málsgreinar.

C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

4. Eftirlitsgjöld skv. 3. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingamálastofnun ríkisins. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala.

## 4. gr.

**Eftirlit með viðgerðum.**

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir þegar um meiri háttar viðgerð er að ræða.
2. Sé ekki gerður greiðslusamningur er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skipsgjöld sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

## 5. gr.

**Hleðslumerki.**

Fyrir hleðslumerkjauðtreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 brl. . . . .	3 000
Skip 500 brl. til og með 1000 brl. . . . .	3 800
Skip 1001 brl. til og með 200. brl. . . . .	5 100
Skip 2001 brl. til og með 5000 br. . . . .	6 800
Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjareikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 375,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 250,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 500,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

## 6. gr.

**Skráning skipa og útgáfa skjala.**

	Kr.
1. Útgáfa skráningarskírteinis . . . . .	2 300
2. Útgáfa þjóðernisskírteinis . . . . .	4 700
3. Útgáfa alþjóðamælibréfs . . . . .	2 800
4. Afrit af alþjóðamælibréfi . . . . .	700
5. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta . . . . .	700
6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta . . . . .	400
7. Einkaleyfi á skipsnafni . . . . .	42 300

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd skoðunar- og eftirlitsgjöld greidd að fullu, bæði aðalskoðunargjald til viðkomandi lögsagnarumdæmis og auka-skoðunargjöld til Siglingamála-stofnunar ríkisins.

## 7. gr.

**Mæling skipa.**

Fyrir endurmælingu skipa og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	Kr.
Opinn bátur . . . . .	1 600
Pilfarsskip minna en 25 brl. . . . .	8 300
Pilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl. . . . .	11 500
Pilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl. . . . .	18 200
Pilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl. . . . .	28 000
Pilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl. . . . .	39 700
Pilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl. . . . .	52 700
Pilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Sé skip mælt tvönnar mælingu skal greiða eitt og hálf gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælingu.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

## 8. gr.

**Útgáfa vottorða og umsagnir.**

	Kr.
Vottorð um útstrikun skipa af aðalaskipaskrá . . . . .	700

## 9. gr.

**Rannsóknir.**

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðist kr. 900,00 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 300,00 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu, kr. 500,00 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

## 10. gr.

**Önnur þjónusta.**

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi samanber 34. gr. laga nr. 51 1987.

## 11. gr.

**Þjónusta utan skrifstofutíma.**

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

## 12. gr.

**Innheimta.**

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert. Gjöld skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum þau laun, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Sama gildir um gjöld fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. ars 1987, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 611 30. desember 1987.

*Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*